

Nr. 066 / 12 Silfurnes SF 99***Eldur í höfn***

Skipaskr.nr. 2597
 Smíðaður: Hafnarfirði 2004 plast
 Stærð: 7,3 brl. 7,2 bt.
 Mesta lengd: 9,54 m Skráð lengd: 9,48 m
 Breidd: 2,58 m Dýpt: 1,19 m
 Vél: Volvo Penta 247,1 kW 2004
 Fjöldi skipverja: 1



Silfurnes ©Hilmar Snorrason

Gögn:
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 29. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 27. júní 2012 var Silfurnes SF 99 við bryggju á Hornafirði.

Um kl. 15:00 varð vart við reyk frá vélarúmi bátsins og var hringt í Neyðarlínuna. Þegar rýmið var opnað til að sprauta vatni niður í það jókst reykurinn mikið og var því lokað aftur. Þá var lokað fyrir loftinntak í skut til að hefta súrefnisflæðið. Þegar slökkvilið Hornafjarðar kom á staðinn var eldurinn slökktur með kolsýruslökkvitækjum.



Myndin sýnir þilið og brunasvæðið ©Lögreglan

Við skoðun á vettvangi sást að eldurinn hafði verið mestur á þilinu milli lestar og vélarúmsins. Orsök hans var rakin til spennubreytis fyrir lensidælu. Skemmdir urðu á raflögnum og trefjaplasi í þilfari auk þess sem einhverjar skemmdir urðu á hosum á vél.

Silfurnes SF hafði komið í land um kl. 02:00 um nóttina vegna bilunar í gír og lítillsháttar leka með skrúfuöxli. Þetta hafði verið lagfært en báturinn var mannlús í gangi og tilbúinn til brottfarar.

Við rannsókn kom fram:

- að spennubreytirinn um árs gamall og átti að breyta 24 volta spennu í 12 volt fyrir lensidælu í vélarúmi. Hann var tengdur með 1,5q vír við 24 volta kerfi bátsins og varið með tregu 25 ampera sjálfvara. Hann var staðsettur á þili milli lestar og vélarúms en var ekki í notkun;
- að við slökkvistarfið var reynt að ræsa slökkvikerfi vélarúmsins en það virkaði ekki vegna þess að rafmagnskapallinn fyrir það hafði skemmt við brunann;
- að Mannvirkjastofnun rannsakaði spennubreytinn eftir brunann. Eftirfarandi kom fram í rannsókn hennar:



Spennubreytirinn (hvitur) á þilinu brunann

„Spennubreytirinn var í álhúsi og var nokkuð mikið brunninn. Mikil neistamyndun hafði orðið þar sem taugar eru teknar inn í hann. Tengipunktarnir eru svokölluð skótengi. Af ummerkjum að dæma er ekki ólíklegt að sambandsleysi hafi myndast við áðurnefnd tengi með þessum afleiðingum“

Niðurstaða Mannvirkjastofnunar var:

„Augljóst er að upptök elds er að finna í eða við spennubreytinn. Leiða má af því líkur að sambandsleysi hafi valdið því að eldur kviknaði“

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.